

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar, nr. 323/2002.

1. gr.

Í stað orðsins „janúarmánaðar“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: desembermánaðar.

2. gr.

Í stað orðanna „eins mánaðar“ í 10. gr. samþykktarinnar kemur: tveggja mánaða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. samþykktarinnar:

a. III. staflíður A-hluta greinarinnar verður svohljóðandi:

III. **Félagsmálasvið.**

1. *Félagsmálaráð* fer með verkefni sveitarfélagsins á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þjónustuhóp aldraðra og málefni fatlaðra samkvæmt lögum og reglugerðum og samningum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Barnaverndarnefnd* fer með málefni er varða barnavernd og ættleiðingar samkvæmt lögum og reglugerðum þar um.

b. IV. staflíður A-hluta greinarinnar verður svohljóðandi:

IV. **Umhverfis- og tæknisvið.**

1. *Umhverfisaráð* fer með byggingarmál, skipulagsmál, brunavarnir og brunamál, almannavarnir, umferðarmál, umhverfismál, gróður- og náttúruverndarmál og veitumál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Landbúnaðarráð* fer með stjórn og eftirlit með gæludýra- og búfjárhaldi, framkvæmd fjallskila, afréttarmál, hagagöngu, forðagæslu, eyðingu refa, minka og vargfugls og sjúkdómavarnir ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi. Ráðið gerir tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu búfjárefntirlitsmanna skv. 3. gr. reglugerðar um búfjárefntirlit o.fl. nr. 743/2002.
3. *Búfjárefntirlitsnefnd*. Bæjarstjórn kýs að afloknum kosningum aðal- og varamann í búfjárefntirlitsnefnd 17. starfssvæðis búfjárefntirlits til fjögurra ára samkvæmt tillögu landbúnaðarráðs, sbr. reglugerð um búfjárefntirlit o.fl. nr. 743/2002.

c. 2. tölul. B-hluta greinarinnar fellur brott og breytist röð töluliða samkvæmt því.

d. 3. tölul. B-hluta (verður 2. tölul.) verður svohljóðandi:

Menningarsjóður Svarfdæla. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í Menningarsjóð Svarfdæla samkvæmt samþykktum sjóðsins eins og þær eru hverju sinni.

e. 2. tölul. D-hluta greinarinnar fellur brott.

4. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 65. gr. bætist: sbr. I. lið 62. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. nóvember 2003.

F. h. r.
Guðjón Bragason.

Guðmundur Ómar Hafsteinsson.